



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023
2302124/0.4.1

Fni: Umsögn um sóttvarnalög, 529.mál á 153. löggjafarþingi 2022-2023.

Almennt

Velferðarnefnd Alþingis sendi landlækni þann 13. febrúar til umsagnar frumvarp til laga um sóttvarnalög, 529. mál. Landlæknir átti fulltrúa í starfshópi ráðherra og sat auk þess fund með starfshópnum. Því hefur landlæknir ekki miklar athugasemdir við frumvarpið.

Mikilvægt er að nýta þá reynslu sem fékkst af heimsfaraldri COVID-19 til endurskoðunar á sóttvarnalögum sem hefur að mati undirritaðrar tekist vel. Nefni þar annars vegar stofnun farsóttarnefndar sem styrkja á sóttvaralækni varðandi mat og ákvarðanatöku og hins vegar ýmsar réttarbætur fyrir borgarana. Þótt eldri lög hafi að mörgu leyti reynst vel komu upp álitafni sem nú er brugðist við.

Athugasemdir við einstakar greinar

2. gr.

Nefnt er að lögin fjalli um „varnir gegn smitsjúkdómum, alvarlegum sjúkdómum...“ o.s.frv. Það er of víð skilgreining að nefna varnir gegn alvarlegum sjúkdómum því fjölmargir sjúkdómar eru alvarlegir án þess að hafa nokkuð með verksvið sóttvarnalækni að gera. Í 3. gr. er svo nánar fjallað um þá sjúkdóma sem lögin taka til og endurspeglast þar visst ósamræmi milli 2. og 3. greinar.

4. gr.

Í tölulið 12 er smitrakning skilgreind og að hún fari fram með „nákvæmu samtali“ og einnig er nefnd „önnur upplýsingaöflun“. Í heimsfaraldri COVID-19 voru niðurstöður raðgreininga og mótefnamælinga sem og niðurstöður úr appi einnig notaðar. Þetta mætti nefna sérstaklega því líklegt er að slík gögn yrðu notuð í nýjum faraldri. Dæmi um texta væri „Heimilt er að nota niðurstöður raðgreininga og mótefnamælinga við smitrakningu eftir því sem við á og enn fremur þar til gert smáforrit (app) enda hafi það staðist ítrustu öryggis- og persónuverndarkröfur“.

5. gr.

Fyrirkomulag hvað varðar stjórnsýslulega staðsetningu sóttvarnalæknis hjá embætti landlæknis sannaði sig í heimsfaraldri COVID-19 og aldrei voru uppi vandamál varðandi samstarf og ábyrgðarsvið landlæknis og sóttvarnalæknis. Embætti landlæknis sinnti margvíslegum verkefnum í gegnum faraldurinn, fyrir utan lögbundin verkefni eins og eftirlit með heilbrigðisþjónustu, eftirliti með lýðheilsu og ráðgjöf ýmiskonar. Verkefni sem tengjast faraldrinum og hlutverki sóttvarnalæknis voru unnin af fjölmörgum starfsmönnum embættisins, sem dæmi voru að jafnað 10 stöðugildi embættis landlæknis að sinna verkefnum tengd faraldrinum, fyrir utan starfsmenn sóttvarnasviðs, árið 2020. Þessi verkefni voru til dæmis:

- Hugbúnaðarþróun rafrænna kerfa
- Vinna við gagnagrunna
- Úrvinnsla og vöktun gagna
- Tölvumál ýmiss konar
- Heimsíðugerð vegna upplýsingagjafar
- Upplýsingagjöf og svörun fyrirspurna
- Ráðgjöf og viðbrögð vegna persónuverndarmála
- Símsvörun
- Smitrakning
- Mannaráðningar og starfsmannamál
- Umsýsla fjármála tengt faraldri
- Skjalavarsla

Vissulega þurfti að hægja á mörgum verkefnum hjá embættinu þegar hæst stóð en þessi „harmóníkuáhrif“ skiptu miklu til að viðbrögð við faraldrinum væru snögg og markviss.

7. gr.

Nefnt er að samstarfsnefnd um sóttvarnir skuli hafa aðsetur hjá embætti landlæknis. Æskilegt væri að skýra hvað aðsetur hjá embætti landlæknis inniber enda er í 8. gr. sama tilgreint varðandi farsóttarnefnd.

8. gr.

Fyrir utan þá sjö aðila sem skipaðir verða í farsóttanefnd er einmitt afar mikilvægt það ákvæði að farsóttanefnd sé heimilt að kveðja til tvo aðila til viðbótar í setu í nefndinni ef ástæða þykir til. Sem dæmi um þá þekkingu sem nauðsynleg getur verið, má nefna að snemma kom í ljós hve mikilvægt er að hafa getu til að stunda rannsóknir á faraldri eins og COVID-19 um leið og unnið er gegn útbreiðslu og afleiðingum hans. Nýfengin reynsla sýnir að ekki var eingöngu hægt að treysta á hið alþjóðlega vísindasamfélag. Staða faraldurs og stökkbreytingar veiru breyttust hratt og skilaboð að utan voru á stundum misvísandi. Þess vegna var samstarf við Íslenska erfðagreiningu afar mikilvægt; til að sækja nýja þekkingu, til að efla getu til rýni og greininga á gögnum auk þess sem niðurstöður skimana og rannsókna voru beinlínis mikilvægar fyrir ákvarðanatöku. Þá var og gerð og notkun spálíkans, í samstarfi við fjölda vísindamanna, m.a. frá Háskóla Íslands afar mikilvæg. Þá getur þurft að samhæfa öflun þeirrar þekkingar sem á skortir hverju sinni. Það getur því verið mikilvægt að hafa til staðar, innan farsóttanefndar,

getu til þess að vefa saman sóttvarnir og vísindalegar rannsóknir á þeim faröldrum sem kunna að ganga yfir.

11. gr.

Þegar fjallað eru um farsóttarskrá ætti að koma fram að gætt sé fyllsta öryggis en ekki bara trúnaðar um þær viðkvæmu persónuupplýsingar sem þar geta verið.

15. gr.

Þar ætti að nefna að sóttvarnalækni verði skylt að meta og veita leyfi fyrir notkun nýrra greiningarprófa fyrir smitsjúkdómum. Skv. 3. gr. reglugerðar nr. 415/2004 um starfsemi rannsóknastofa sem stunda greiningu á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til er tilgreint: „Nándarrannsóknir (point of care testing) til greiningar á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til, skulu gerðar undir eftirliti og á ábyrgð rannsóknastofu með starfsleyfi. Að fenginni umsögn landlæknis getur ráðherra heimilað notkun skyndigreiningarprófa til greiningar á sjúkdómum, sem sóttvarnalög taka til“. Nær væri að það væri sóttvarnalæknir en ekki landlæknir sem skilaði ráðherra slíkri umsögn.

Virðingarfyllst,

Alma D. Möller
landlæknir¹

¹ Vinsamlega látið vita ef óskað er umsagnar sem undirrituð er eigin hendi